



Alþingi
Erindi nr. P 138/1400
komudagur 26.3.2010

Nefndasvið Alþings
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25.03.2010
Tilvísun: 201003-0012

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, 167. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, 167. mál.

Alþingi samþykkti á síðasta ári eftirfarandi þingsályktunartillögu: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar.“

Í nefndaráliti meirihluta utanríkismálanefndar um þingsályktunartillöguna segir m.a: „Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í báðum þingsályktunartillögum sem til umfjöllunar voru og gera ráð fyrir að Ísland leiti á fyrstu stigum viðræðna eftir sérstöku samkomulagi við ESB, og eftir atvikum evrópska seðlabankann, sem verið gæti stuðningur á næstu missirum við íslensku krónuna meðan á aðlögunarferli Íslands stæði. Slíkt gerði Íslandi síðan kleift að ganga inn í samstarf ESB á sviði efnahags- og peningamála (ERM II) og taka loks upp evruna.“

Þetta er í samræmi við afstöðu Alþýðusambands Íslands en á ársfundi sambandsins haustið 2008 var ályktað um mikilvægi þess að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu og stefndi að því að taka upp evru svo fljótt sem kostur væri.

Nú er þessi vinna hafin og Ísland búið að senda inn aðildarumsókn og allt bendir til þess að formlegar aðildarviðræður geti hafist fljótlega. Þetta mikilvæga mál er því í eðlilegum farvegi í samræmi við vilja ríkisstjórnarinnar og meirihluta Alþings.

Alþýðusamband Íslands telur ekki þörf á sérstakri úttekt á gjaldmiðilsmálum og mælir gegn samþykkt þingsályktunartillögunnar.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ

Alþýðusamband Íslands

Strogo 1 • Reykjavík
Sími 029 0300 • Fax 029 0300
02903001 • www.asi.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/1497
komudagur 6.4.2010



Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2010

Efni: Tillögur til þingsályktana um mótun efnahagsáætlana og úttekt á gjaldmiðilsmálum, 287. og 167. mál.

Með tölvubréfi dags. 10. mars 2010 bárust Bankasýslu ríkisins til umsagnar tvær þingsályktunartillögur, annars vegar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál og hins vegar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, 167. mál.

Fyrir hönd Bankasýslu ríkisins er þakkað fyrir veitt tækifæri til umsagnar, en ekki gerðar athugasemdir.

Virðingarfyllt,
Bankasýsla ríkisins

Elín Jónsdóttir
forstjóri



Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1666
komudagur 12. 4. 2010

Reykjavík, 8. apríl 2010
EBI/ebg

Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum á 138. löggjafarþingi, þskj. 186 – 167. mál
Tilv. 2010030005

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 10. mars 2010.

Bændasamtök Íslands fagna fram kominni þingsályktunartillögu um úttekt á gjaldmiðilsmálum og lýsa yfir stuðningi við hana. Bændasamtök Íslands taka undir að mikilvægt er að fram fari fagleg og vönduð greining á þeim kostum sem Íslendingum bjóðast í gjaldmiðilsmálum. Í þessu sambengi vísa Bændasamtök Íslands til ályktunar Búnaðarþings 2010 um aðildarumsókn að ESB þar sem m.a. kemur fram að Búnaðarþing telur ekki fullreynt að ná megi samkomulagi við ESB um samstarf í efnahags- og peningamálum á grundvelli EES samningsins.

Aðildarumsókn að ESB - Yfirlýsing Búnaðarþings 2010.

Búnaðarþing 2010 ítrekar andstöðu sína við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þingið lýsir fullum stuðningi við áherslur Bændasamtakanna og felur stjórn BÍ að gæta áfram hagsmuna bænda í hvívetna, vera áfram leiðandi í umræðu um áhrif ESB aðildar á landbúnað og byggja áfram á faglegri þekkingaröflun. Þingið brýnir jafnframt alla bændur og aðra velunnara íslensks landbúnaðar að taka þátt í umræðunni af fullum þunga.


Efnisleg rök Bændasamtakanna gegn aðild hafa ekki verið hrakin. Verði aðild að ESB að veruleika mun störfum í landbúnaði og tengdum greinum fækka stórlega en það leiðir til mikillar röskunar í byggðum þar sem landbúnaður er undirstaða atvinnu. Aðild mun einnig hafa verulega neikvæð áhrif á fæðu- og matvælaöryggi landsins. Þorri landsmanna er sammála bændum. Það endurspeglast í nýrri skoðanakönnun Capacent sem leiðir í ljós að rúm 84% þjóðarinnar telja að það skipti öllu eða miklu máli að vera ekki öðrum þjóðum háð um landbúnaðarafurðir. Aðildarumsókn Íslands að ESB skapar mikla óvissu í starfsumhverfi landbúnaðarins og dregur þróttinn úr

nauðsynlegri endurnýjun og framþróun þann langa tíma sem umsóknarferlið mun standa. Í ljósi alls þessa er farsælast að stjórnvöld dragi aðildarumsóknina nú þegar til baka.


Ástæða er til þess að hafa miklar áhyggjur af hvernig stjórnvöld halda á hagsmunum þjóðarinnar í umsóknarferlinu. Íslensk stjórnsýsla er undirmönnuð og vanbúin til að takast á við þetta verkefni eins og m.a. er vikið að í nýrri skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um aðildarumsókn Íslands. Athyglisvert er að í áðurnefndri skoðanakönnun Capacent treystir aðeins ríflega fjórðungur þjóðarinnar stjórnvöldum vel til þess að halda á hagsmunum Íslands í þessu máli. **Eins telur Búnaðarþing ekki fullreynt að ná megi samkomulagi við ESB um samstarf í efnahags og peningamálum á grundvelli EES samningsins.**

Búnaðarþing telur að fulltrúar samtakanna í samningahópum stjórnvalda þurfi að starfa þar áfram undir formerkjum þeirra varnarlína sem stjórn BÍ kynnti á formannafundi sl. haust. Áframhaldandi þátttaka í samningahópum felur ekki í sér ábyrgð á samningaferlinu.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Eiríkur Blöndal



Félag löggiltra
endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 138/1294
komudagur 18.3.2010

Reykjavík 15. mars 2010
Tilvísun FLE 12-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, 167
mál.

Með tölvupósti dags. 10. mars s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir
umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar
FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefnd
/nefndasvið.
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/1498
komudagur 6.4.2010

31. mars 2010
Tilvísun: 2010030036

Efni: Umsögn um mál nr. 167, þskj. 186; tillaga til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum.

Þann 10. mars sl. barst Fjármálaeftirlitinu erindi frá efnahags- og skattanefnd Alþingis. Í því erindi var meðal annars óskað eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um mál nr. 167, tillaga til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum.

Með lögum nr. 134/2008 um breytingar á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, með síðari breytingum var Seðlabanka Íslands veitt heimild til 30. nóvember 2010, í samráði við viðskiptaráðherra (nú efnahags- og viðskiptaráðherra), að setja reglur sem takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga. Á grundvelli þeirrar heimildar hefur Seðlabankinn sett reglur nr. 1080/2008, reglur nr. 1130/2008 og reglur nr. 880/2009 um gjaldeyrismál. Með umræddum lögum nr. 134/2008 var Seðlabankanum fengið það hlutverk að fylgjast með að starfsemi aðila væri í samræmi við lögin, en Fjármálaeftirlitinu var hins vegar fengið það hlutverk að rannsaka þau mál sem Seðlabankinn tilkynnir um til eftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu var fengin heimild til að leggja stjórnvaldssekt vegna brota á lögnum eða reglum settum á grundvelli þeirra sem og að kæra mál til lögreglu. Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 134/2008 kemur fram að nauðsynlegt væri að stjórnþæki væru til staðar til að framfylgja ákvæðum laganna, m.a. þeim takmörkunum sem lagt var til að Seðlabankinn hefði heimild til að setja um tiltekna flokka fjármagnshreyfinga. Ella gætu aðilar virt slíkar takmarkanir að vettugi án viðurlaga og heimildin hefði ekki tilætluð áhrif.

Í ljósi þess hlutverks sem Fjármálaeftirlitið gegnir varðandi gjaldeyrismál telur það sig ekki eiga að gefa umsögn um þá þingsályktunartillögu er fyrir liggur um úttekt á gjaldmiðilsmálum.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID


Guðrún Jónsdóttir


Barbara Inga Albertsdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1499
komudagur 6.4.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. mars 2010

UMSÖGN Hagsmunastaka heimilanna (HH)

138. löggjafarþing 2009-2010.

Þskj. 186 – 167. mál. Tillaga til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis sendi málið til umsagnar Hagsmunastaka heimilanna (HH), með tölvupósti skjalavarðar nefndasviðs Alþingis, 10. mars 2010.

Þingsályktunartillagan gengur í stórum dráttum út á að ríkisstjórnin láti gera viðtæka úttekt á helstu framtíðarkostum Íslands í gjaldmiðilsmálum, með teymi breiðs hóps sérfræðinga, erlendra og innlendra og nálgast viðfangsefnið eftir þremur leiðum eða möguleikum, meðal annars með samanburði við önnur sambærileg hagkerfi sem hafa lent í harkalegri kreppu en eru hluti af stærra myntsvæði, svo sem evru.

HH lýsa stuðningi við þessa þingsályktunartillögu.

Hverjar svo sem endanlegar niðurstöður í gjaldmiðilsmálum Íslendinga verða; hvort sem krónan, evran eða annar gjaldmiðill verður notaður hér í framtíðinni, þarf að mynda opinbera framtíðarsýn og festu í umræðuna. Umræðan þarf að vera vönduð, markviss og aðgengileg almenningi og gagnrýnum stofnunum landsins. Til að hraða þessari vinnu ætti að setja skiladagssetningar inn í ályktunina. HH leggur til að þessari vinnu skuli lokið fyrir 1.12.nk.

Einnig er nauðsynlegt að stórar og mikilvægar ákvarðanir séu teknar á eins traustum ákvörðunargrundvelli og kostur er. Hann er óskýr í dag, sem grefur undan grunni fjárfestinga heimila og fyrirtækja.

Þegar rætt er um íslenskt efnahagssumhverfi kemur orðið stöðugleiki mjög oft upp. Þeir sem halda heimili og þeir sem reka fyrirtæki, einnig sveitarfélög og ríkið í heild sinni þurfa viðunandi stöðugleika. Annars er öll áætlunargerð erfið og öll framtíðarsýn óviss. Íslenska krónan og gengi hennar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur ekki getað uppfyllt þetta svo vel sé í gegnum árin, eins og búið hefur verið að henni.

Hins vegar hefur oft upp á síðkastið verið sagt að það sé sveigjanleiki íslensku krónunnar sem hafi hjálpað þjóðfélaginu við að komast áleiðis í gegnum kreppuna, svo sem með hagstæðum útflutningsskilyrðum og meiri ásókn og fjölda ferðamanna til Íslands.

Vegna válegrar stöðu hagkerfisins, umfangsmikilla fyrirséðra breytinga á lagaumhverfi efnahagsstjórnar, fjármálafyrirtækja og neytendaréttar, auk aukinna alþjóðlegra viðskipta, er ljóst að sama hver niðurstaða greiningar verður mun vinnan skila mati til aukins skilning á sóknarfærum og hættum sem við búum við sem sjálfstæð þjóð. Henni ber því að fagna.

Þó er ljóst að sama hvaða gjaldmiðlaleið verður valin, verður að kalla aðalleikendur efnahagskerfisins til ábyrgðar fyrir stöðugleika. Það á sérstaklega við um lánveitendur.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunastaka heimilanna / www.heimilin.is

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Arinbjörn Sigurgeirsson, lagasvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/1226
komudagur 11. 3. 2010



Hagstofa Íslands

11. mars 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, 167. mál.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, 167. mál

Hagstofan álitur að efni tillögunnar tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

Virðingarfyllst

Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri



Alþingi
Erindi nr. P 138/1495
komudagur 6.4. 2010

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 24. mars 2010

Efni: Umsögn um 167. mál, þskj. 186, 138 lp., tillaga til þingsályktunar um úttekt
gjaldmiðilsmálum.

Með tölvubréfi dags. 10. mars 2010, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn
Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, 167. mál, þskj. 186.

Tillagan lýtur að því að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta gera viðtæka úttekt á helstu
framtidarkostum Íslands í gjaldmiðilsmálum, sem verði liður í því að renna stoðum undir
sjálfbæra þróun íslensks samfélags. Jafnréttisstofa gerir ekki athugasemdir við ofangreinda
tillögu, enda verður ekki séð að það lúti sérstaklega að málefnum kynjanna.

Virðingarfyllt
f.h. Jafnréttisstofu



Sigríður Svana Helgadóttir lögfræðingur



LEB

Landssamband eldri borgara

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835
Símar: +3545677111/ +3546986250
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1496
komudagur 6.4.2010

Reykjavík 26. Mars 2010

Umsögn um Frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari beytingum 288. mál þskj. 332. Umsögn um frumvarp um lífeyrissjóði. Flutt af þingmönnum úr Framsóknarflokki, Samfylkingu og Hreyfingu.

Landssamband eldri borgara telur að auka þurfi lýðræði við stjórnun lífeyrissjóða í landinu. Umrætt frumvarp þingmanna úr þremur flokkum gengur í þá átt. Í dag eru stjórnir lífeyrissjóða í höndum fulltrúa verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, jafnmargra fulltrúa frá hvorum aðila. Frumvarpið kveður á um að launþegar fái meirihluta í stjórnun lífeyrissjóða, 3/5 fulltrúa á móti 2/5 frá vinnuveitendum. Allir sjóðfélagar fái atkvæðisrétt á aðalfundum lífeyrissjóðanna. Þessar tillögur virðast til bóta og mundu auka lýðræði í lífeyrissjóðum.

LEB leggur þó til breytingar á 3. gr a. lið. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir sjóðfélagar sem greitt hafa í sjóðinn fyrir síðustu áramót. (þar kæmi viðbót) **og sjóðfélagar sem vegna aldurs greiða ekki lengur í sjóðinn en fá úr honum lífeyri.** Hver sjóðfélagi fer með eitt atkvæði o.s.frv.

Greinargerð :

Þeir sjóðfélagar sem greitt hafa í sjóðinn árum saman en eru byrjaðir töku lífeyris eiga að vera jafn gildir og aðrir sem greitt hafa fyrir síðustu áramót, e.t.v. bara verið eitt ár í sjóðnum. Það er réttlætismál að eldri borgarar hafi eitthvað um það að segja hvernig farið er með fjármuni sjóðsins.

X

Hvað varðar mál 167, úttekt á gjaldmiðilsmálum og mál 287 um mótun efnahagsstefnu án alþjóðagjaldeyrissjóðsins tekur LEB ekki afstöðu og mun því ekki senda umsögn.

Fh. Landssambands eldri borgara

Helgi K. Hjálmsón, formaður

Valgerður Katrín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/1300
komudagur 19.3.2010



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2010
Mál nr. 1003007

Efni: Umsögn um þingsályktun um úttekt á gjaldmiðilsmálum nr. 167.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Landssambands íslenskra útvegsmanna um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, þskj. 186 – 167. mál.

Samtökin taka undir þessa þingsályktun og telja mikilvægt að víðtæk úttekt verði gerð á helstu framtíðarkostum Íslands í gjaldmiðilsmálum með aðkomu fulltrúa sjávarútvegsins að þeirri vinnu. Árið 1998 var unnin á vegum forsætisráðuneytisins skýrsla sem fjallaði um áhrif Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf og valkosti Íslands í gjaldmiðilsmálum. Mikilvægt er að farið verði yfir stöðu gjaldmiðilsmála í ljósi reynslunnar og framtíðarkostir í því máli endurmetnir með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,

Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1494
komudagur 6.4.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	31. mars 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um tvö þingmál. Annars vegar er um að ræða tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, 167. mál og hins vegar tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún telur í ljósi lögbundins hlutverks síns ekki eðlilegt að tjá sig um ofangreindar þingsályktunartillögur.

Sumar Þrasar

Ólafur Örn

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnhags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. mars 2010 02-2010030189
T-ums 14/10

Alþingi
Erindi nr. P 138/1235
komudagur 12.3.2010


Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum - 167. mál, þskj. 186.


Ríkisskattstjóri hefur þann 10. mars 2010 móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum - 167. mál, þskj. 186.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta gera viðtæka úttekt á helstu framtíðarkostum Íslands í gjaldmiðilsmálum, sem verði liður í því að renna stoðum undir sjálfbæra þróun íslensks samfélags.

Að mati ríkisskattstjóra er ekki tilefni til að gera athugasemdir við efni tillögunnar enda fellur hún utan við starfssvið embættisins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 138/1439
komudagur 29.3.2010

25. mars 2010
SI-61879


Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 10. mars 2010, óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldeyrismálum, Þskj. 186 – 167. mál. Óskað var eftir umsögn bankans fyrir 1. apríl.

Eins og kemur fram í greinargerð með þingsályktuninni er mikilvægt að fram fari ítarleg og vönduð greining á þeim kostum sem Íslendingar standa frammi fyrir í gjaldeyrismálum og að kostir og gallar þeirra verði kannaðir.

Seðlabanki Íslands hefur hafið vinnu við slíka úttekt, sem áætlað er að verði í meginatriðum tilbúin á fyrri hluta næsta árs. Þar er ætlunin að fjalla um kosti og galla aðildar að myntbandalagi Evrópu (EMU) og annarra kosta í gjaldeyrismálum, m.a. áframhald á núverandi stefnu verðbólguþröngun og mögulegum lagfæringum á þeirri stefnu, einhliða upptöku annars gjaldmiðils, myntráð eða annarra afbrigða fastgengisstefnu. Leitast verður við að draga fram sem flesta kosti og galla og mismunandi sjónarmið.

Í úttektinni verður bæði fjallað um reynsluna af EMU og reynslu Íslendinga utan þess. Fjallað verður um uppbyggingu íslensks atvinnulífs og samlögun við atvinnulíf EMU-landa, þ.m.t. samhverfni hinnar íslensku og evrópsku hagsveiflu og mögulegum áhrifum EMU-aðildar á hana. Fjallað verður um hugsanlegan rekstrarhagfræðilegan ávinning aðildar að myntbandalaginu, m.a. áhrif sameiginlegs gjaldmiðils á utanríkisviðskipti Íslendinga. Þá verður fjallað um þjóðhagfræðilega kosti og galla aðildar, m.a. vegna brotthvarfs sjálfstæðrar peningastefnu, sem mætti nota til að mýkja áhrif sértækra íslenskra efnahagsáfalla. Einnig verður fjallað um mögulegan þjóðhagfræðilegan kostnað sjálfstæðs gjaldmiðils, þ.e.a.s. að gengisbreytingar geti verið uppspretta hagsveifla í stað þess að draga úr þeim. Einnig verður fjallað um mismunandi sjónarmið varðandi fjármálaalegan stöðugleika innan og utan myntbandalagsins og aðlögun íslensks þjóðarbúskapar í aðdraganda aðildar að myntbandalaginu. Að lokum verður fjallað um nauðsynlega aðlögun innlendrar stofnanauppbyggingar, verði af aðild að myntbandalaginu.





Að úttektinni munu koma fjöldi sérfræðinga innan Seðlabankans. Jafnframt hefur verið leitað samstarfs við erlenda sérfræðinga, auk þess sem niðurstöður rannsókna innlendra og erlendra sérfræðinga nýtast við gerð hennar. Í þessu sambandi má t.d. nefna rannsókn sem hafin er í samstarfi við Andrew K. Rose, frá Berkeley-háskóla í Bandaríkjunum, og Francis Breedon, frá Imperial College í Bretlandi, á valkostum í gjaldeyrismálum fyrir mjög lítil opin hagkerfi og samanburðarrannsókn innan Seðlabankans á áhrifum núverandi fjármálakreppu á lönd innan og utan myntbandalagsins sem kynnt verður á alþjóðlegri ráðstefnu í Slóvakíu seinna á þessu ári. Innan Seðlabankans hefur einnig verið unnið að rannsóknum á áhrifum aðildar að myntbandalaginu á utanríkisviðskipti Íslendinga og gengissveiflum sem ekki er hægt að rekja til efnahagslegra grunnþátta. Niðurstöður þessara rannsókna verða nýttar í þessari úttekt.

Seðlabanki Íslands lítur það jákvæðum augum að fleiri aðilar geri úttektir á kostum og göllum mismunandi fyrirkomulags í gjaldeyrismálum. Hann leggst því ekki gegn þeirri úttekt sem lögð er til í þingsályktunartillögunni. Gera verður ráð fyrir að Alþingi og ríkisstjórn móti verkinu kostnaðarramma ef af verður en ýmsir erlendir sérfræðingar geta verið þungir á fóðrunum. Rétt er að hafa í huga í því sambandi að mjög ólíkar skoðanir eru meðal hagfræðinga í heiminum á kostum og göllum gjaldmiðlabandalaga og mismunandi stefna í gjaldeyrismálum. Því gæti verið heppilegt að leita til breiðs hóps sérfræðinga með mismunandi skoðanir í stað „valinna sérfræðinga.“ Þannig má tryggja að öll sjónarmið komi fram. Seðlabankinn er tilbúinn til að aðstoða við að finna sérfræðinga í verkið ef til þess kemur en sérfræðingar bankans þekkja vel til þeirra sem virkir eru á þessum vettvangi.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 1. apríl 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðlamálum (167. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu, sem kveður á um að ríkisstjórninni verði falið að gera víðtæka úttekt á belstu kostum Íslands í gjaldmiðlamálum.

Viðskiptaráð Íslands hefur undanfarin ár, líkt og fjöldi annarra, látið sig varða stöðu og framtíðarhorfur í gjaldmiðlamálum íslensks samfélags. Hefur ráðið í þessu sambandi staðið fyrir opnum fundarhöldum um efnið og gefið út rit, en stærstu rit ráðsins á þessu sviði eru annars vegar skýrslan *Krónan og atvinnulífið* frá júlí 2006 og hins vegar skýrslan *Íslenska krónan: byrði eða blóraböggull* frá árinu 2008. Í þessum ritum hafa ólíkar leiðir í gjaldmiðlamálum verið skoðaðar og reynt hefur verið að auðkenna helstu kosti og galla hverrar leiðar, en meðal þeirra leiða sem rýnt hefur verið í má nefna áframhaldandi sambúð með krónunni, upptöku evru með aðild að ESB og myntbandalaginu, einhliða upptöku annarrar myntar, myntráð, tvíhliða tengingu gjaldmiðla, fjölmyntasamfélag og óformlega evruvæðingu.

Í grunninn er það afstaða ráðsins að íslenska krónan hafi reynst hagkerfinu byrði, sér í lagi með aukinni alþjóðavæðingu, en að á sama tíma hafi hún einnig verið blóraböggull fyrir ákvarðanir í efnahagsstjórn síðustu ára. Með umfangsmiklum umbótum á öllum sviðum efnahagsstjórnar megi því skapa forsendur fyrir áframhaldandi sjálfstæði í peningamálum þannig að ávinningur af því að halda í krónuna vegi þyngra en fórnarkostnaður. Án slíkra umbóta er hins vegar líklegra en ella að ábati af sjálfstæðri peningastefnu sé hverfandi og undir slíkum kringumstæðum væri hagkvæmara af afsaia því sjálfstæði í peningamálastjórn og taka upp aðra mynt. Er það mat ráðsins að komi til þess sé aðild að myntbandalagi ESB tvímælaust hagkvæmasti kostur af þeim leiðum sem standa til boða.

Að því sögðu er þó ljóst að grundvallarbreytingar á gjaldmiðlamálum þjóðarinnar kalla eðli málsins samkvæmt á ígrundaða skoðun, málefnanlega umræðu og fjölbætta aðkomu ólíkra aðila. Skoðun af því tagi er forsenda þess að ráðamenn, almenningur og atvinnulíf geti mótað sér upplýsta afstöðu til málefnisins. Það má hins vegar velja því upp hvort úttekt af því tagi, sem tillaga þessi kveður á um, muni leggja eitthvað frekar til málana en þegar hefur verið gert í fjölda úttekta, skýrslna, erinda og greina. Hvað þetta varðar þá hefur t.a.m. Seðlabanki Íslands nýverið boðað ítarlega skýrslu um möguiegar breytingar á peningastefnu bankans. Að auki er ólíklegt að skotgrafarpólitik undanfarinna missera og ólíkar skoðanir flestra hagfræðinga á málefninu muni leiða til einnar sameiginlegrar og réttar niðurstöðu um þær leiðir sem standa til boða.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson

Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs